

Ísótóparannsókn með merktum hvítum blóðkornum

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um dreifingu á merktum hvítum blóðkornum sem getur bent til sýkingar. Rannsóknin er gerð í a.m.k. þrennu lagi þar sem tekið er blóð, sem gefið er aftur nokkru síðar og svo er myndataka. Gera þarf ráð fyrir að þetta taki um 8 klukkustundir með hléum. Stundum þarf einnig að koma daginn eftir.

Undirbúningur

Fasta á mat í 4 klukkustundir.

Ráðlagt er að skilja skartgripa eftir heima.

Rannsóknardagur

Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og tekið blóð. Hvítu blóðkornin eru skilin frá og merkt með ísótóp sem er geislavirkt efni. Hvítu blóðkornin eru gefin aftur í æðalegginn síðar og myndað á eftir. Fara má af deild á milli tíma en þér er einnig velkomið er að bíða hjá okkur.

Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarþekki meðan myndavélar skynja geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á að bílastæðin næst spítalanum eru gjaldskyld.

Tími 1: Blóðprufa (tekið blóð)	Tími 2: Blóðkorn gefin í æð og myndataka	Tími 3: Myndataka
<ul style="list-style-type: none">• Settur er æðaleggur í handlegg og tekið blóð.• Þessi tími tekur um 20 mínútur.	<ul style="list-style-type: none">• Mæta þarf aftur 2 klst. eftir tíma 1.• Hvítu blóðkornin gefin í æð.• Bíða þarf í 20 mín.• Fyrri myndataka• Rannsóknin tekur um 2 klst.	<ul style="list-style-type: none">• Mæta þarf aftur 2-3 klst. eftir tíma 2.• Seinni myndataka.• Rannsóknin tekur um 2 klst.

Það fer eftir framvindu rannsóknar hvort koma þurfi daginn eftir í myndatöku.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst m.a. úr líkamanum með þvagi.
- Þeim sem hafa fengið geislavirkt efni í æð er bent á að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir inngjöf efnis. Sérstök áhersla er lögð á að vera ekki í nánú samneyti við barnshafandi konur og forðast að hafa börn í fanginu þar sem börn eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda innan viku eftir þessa rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvelli. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, netfang: isotop@landspitali.is